

174. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 9. apríl 2025 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson, Kristján Ketill Stefánsson varamaður Sigrúnar Birnu Björnsdóttur, Magnús Jónsson og Þorvaldur P. Hjarðar varamaður Magnúsar Jónssonar auk Þuríðar Lillýjar Sigurðardóttur sem er Teams. Stefán Bogi Sveinsson boðaði forföll. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir Ríkey Elísdóttir f.h. nemenda, Steinunn Snædal f.h. foreldraráðs og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Gangurinn í starfinu fram til skólaloka.
2. Starfsmannamál næsta skólaár
3. Fjárhagsstaða og mótvægisáðgerðir 2025
4. Félagslíf og skólabragur frá NME
5. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Gangurinn í starfinu fram til skólaloka

Skólameistari sagði frá starfinu. Seinni vörspönn er rúmlega hálfnuð og allt gengur vel. Opið hús var í lok febrúar þar sem nemendum í 10. bekk og forráðamönnum þeirra var boðið að koma og kynna sér starfið. Þetta gekk mjög vel. Framundan eru heimsóknir og skilafundir með grunnskólunum til að taka út stöðuna og þarfir þeirra sem verða nýnemar í haust. Starfsbrautin hefur verið fremur létt undanfarin ár varðandi mannahald. Útskriftarefni eru 58 og útskrift verður í Valaskjálfi 24. maí kl. 14. Í dag voru Austfirsku Ólympíuleikarnir þar sem nemendur FAS, VA og ME kepptu í ýmsum íþróttagreinum, borðuðu saman og áttu góða samverustund. Það sama á við um kennara og starfsmenn skólanna sem hittust og báru saman bækur sínar. Kennarar og starfsmenn allra skólanna eru sammála um að á þessu þyrfti að vera framhald og eiga sameiginlegan starfsdag. Skólameistari segir frá fyrirhuguðum starfsdegi á haustönn með skólum á Norðurlandi. Ríkey fulltrúi nemenda segir frá ferð til Belgíu sem 11 nemendur í stjórn NME ásamt tveimur kennurum fóru í. Ferðin var farin á vegum Erasmus. Hópurinn heimsótti skóla.

2. Starfsmannamál næsta skólaár

Skólameistari fór yfir starfsmannamál skólaársins. Áfangastjóri í launalausum leyfi sagði upp starfinu sínu. Starfið var auglýst innanhúss. Líklega þarf að auglýsa eftir 50% raungreinakennara, ef starfandi áfangastjóri verður áfram. Kennslustjóri starfsbrautar hefur sagt upp en búið að ráða í það starf. Einnig er búið að ganga frá og ársafleysingu í starf kennslustjóra fjarnáms vegna námsleyfis. Námsráðgjafi fór í launalaust leyfi í haust en líklegt að hann komi aftur til starfa í ágúst. Umsjónarmaður húsa hefur verið í veikindaleyfi í rúman mánuð og verður til 15. maí. Stærðfræðikennari er í fæðingarorlofi og hefur afleysing verið leyst innanhúss með stærðfræðikennara og fjármálastjóra. Það verður einnig svo á haustönn. Vel hefur gengið að fá réttindakennara og umsækjendur undanfarið.

3. Fjárhagsstaða og mótvægisáðgerðir 2025

Ársreikningur 2024 er kominn út og undirritaður af skólameistara. Skólameistari fer yfir hann. Staðan er slæm, halli ársins var 83 milljónir og uppsafnaður halli er orðinn 270 milljónir. Starfshlutföll hafa verið minnkuð, bókasafnsfræðingur og skrifstofustjóri varð eitt starf, kennslustjóri fjarnáms var í 80% starfi frá janúar-september 2024. Fjármálastjórastarf var minnkað í 50% frá og með 1. mars 2025. Fjarnemasamningi

var sagt upp og nú fá kennarar enga aukaumbun fyrir að kenna fjarnemum. Viðbrögð fyrir skólaárið 2025-2026 verða að draga saman um allt að tvö stöðugildi. Reynt verður að forðast að minnka námsframboð eins lengi og hægt er. Framlag til skólans verður svipað næsta skólaár miðað við fjármálaáætlun. Rætt er um mikilvægi þess að halda úti fjölbreyttu námsframboði. Samþykkt að formaður skólanefndar og skólameistari geri minnisblað fyrir stjórn SSA þar sem staðan er reifuð og farið yfir helstu atriði og alvarleika þess ef skera þarf niður námsframboð.

4. Félagslíf og skólabragur NME

Formaður NME segir frá félagsstarfinu. ME-bolti er tvisvar í viku. Miðvikudagsviðburður er í hverri viku. LME var með 6 sýningar á Gosa. Það gekk mjög vel og reksturinn skilaði afgangi. NME hélt bæjarins bestu þar sem lið frá hverjum bæ kepptu. Ína Berglind sigraði Barkann og mun keppa í aðalkeppinni um helgina. Ball var haldið, Góugleði, þar sem öll skemmtu sér vel. Kosningar í nýtt nemendaráð voru í gær, úrslit verða kynnt á morgun. Nemendur eru með áskorunarviku til stuðnings Krafti. Dimmitering er framundan og vorskemmtun. Lokatónleikar verða 17. maí. Skólameistari hrósar stjórn NME fyrir gott starf í vetur.

6. Önnur mál

- a) Frekar rólegt hefur verið yfir foreldrafélaginu. Félagið sótti um styrk til Múlapings og fékk 150.000 kr. fyrir rafíþróttaklúbb skólans.
- b) Spurt er um gervigreindina og viðbrögð við henni. Hefur skólinn sett sér sérstakar reglur varðandi notkun gervigreindarinnar. Skólameistari segir frá því að stuðst sé við siðareglur HÍ. Skólinn hefur keypt aðgang að vafralás (Lock Down Browser) fyrir þau sem nota próf sem hluta af námsmati. Rætt er um að kenna þurfi nemendum að nýta gervigreind. Sagt er frá að fyrirlesari hafi komið og rætt um gervigreind og nýtingu hennar. Mikilvægt að nemendur læri að nota gervigreindina án þess að verða flatir og láti gera allt fyrir sig.
- c) Þrjár fundargerður frá kennarafundum og ein frá skólafundi voru til kynningar á fundinum.
- d) Næsti fundur er 28. maí kl. 17:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.10

Skúli Björn Gunnarsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Kristján Ketill Stefánsson

Þorvaldur P. Hjarðar

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Þorvaldur P Hjarðar

Kristján Ketill Stefánsson